



**BORGARRÁÐ 11. september 2025: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa
Sjálfstæðisflokksins um kostnað við hverfadaga borgarstjóra - MSS25090056**

Óskað er upplýsinga um þann kostnað sem fellur á skattgreiðendur vegna fundaraðar borgarstjóra í hverfum Reykjavíkurborgar sem hefst átta mánuðum fyrir kosningar. Óskað er upplýsinga um allan kostnað sem fylgir fundaröðinni, þar með talið en ekki takmarkað við, kostnað við markaðssetningu, efni á samfélagsmiðlum, veitingar, aðstöðuleigu og yfirvinnu starfsfólks. Jafnframt er óskað upplýsinga um þann samanlagða fjölda vinnustunda sem starfsfólk borgarinnar, að borgarstjóra meðtöldum, mun verja í heimsóknirnar.

